



## **Opinbert tilboðsyfirlit**

Burðaráss hf.  
til hluthafa í Kaldbaki hf.  
11. nóvember 2004

Reykjavík, 11. nóvember 2004

Kæri hluthafi í Kaldbaki

Þann 23. september 2004 tryggði Burðarás hf. sér 76,77% hlutafjár í Kaldbaki hf. Viðskiptin voru gerð með fyrirvara um að hluthafafundur Burðaráss samþykkti hlutafjárukningu í Burðarási til að standa straum af kaupunum. Hluthafafundur Burðaráss var haldinn þann 18. október 2004 og samþykkti hann fyrrgreinda hlutafjárukningu.

Þar sem Burðarás ræður yfir meira en 40% hlutafjár í Kaldbaki ber félaginu, samkvæmt lögum nr. 33/2003, um verðbréfiðskipti, að gera öðrum hluthöfum í Kaldbaki tilboð í hluti þeirra. Tilboðsverðið er 0,637841438 hlutir í Burðarási fyrir hvern einn hlut í Kaldbaki. Þetta eru sömu kjör og viðskipti Burðaráss með hluti í Kaldbaki fóru fram á þann 23. september síðastliðinn og jafnframt hæsta verð sem Burðarás hefur greitt fyrir hluti í Kaldbaki síðastliðna sex mánuði.

Til stendur að sameina Burðarás og Kaldbak undir nafni Burðaráss og munu samþykktir Burðaráss gilda um hið sameinaða félag. Sameiningin verður lögð fyrir hluthafafund í Kaldbaki þann 18. nóvember 2004. Með samruna félaganna er tryggt að ekki komi til skattlagningar söluhagnaðar við skipti á bréfum í félagunum, en slíkt er mögulegt að verði raunin við skipti á hlutabréfum samkvæmt yfirtökutilboði þessu.


Í ljósi skattalegs hagræðis hluthafa Kaldbaks af samruna í stað yfirtöku er hluthöfum bent á að ef hluthafafundur Kaldbaks samþykkir samruna við Burðarás mun yfirtökutilboð þetta falla niður og allir hluthafar Kaldbaks munu fá hluti í Burðarási í krafti samþykktar hluthafafundarins. **Hluthafar eru hvattir til að bíða með að svara yfirtökutilboðinu fram yfir hluthafafund í Kaldbaki því verði samruni Burðaráss og Kaldbaks samþykktur á hluthafafundinum er ekki nauðsynlegt að hluthafar sendi inn samþykki fyrir tilboðinu.**

Verði samruna hins vegar hafnað á hluthafafundi Kaldbaks, mun yfirtökutilboðið gilda til klukkan 16:00 mánudaginn 13. desember 2004. Hluthöfum sem vilja taka tilboðinu gefst tækifæri til að senda inn samþykki sitt fram að þeim tíma.

Frekari upplýsingar um yfirtökutilboðið má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. í síma 410-4000.

Verði samruni Burðaráss og Kaldbaks ekki samþykktur mun greiðsla í formi hluta í Burðarási fara fram til þeirra hluthafa sem samþykkja tilboðið eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að tilboðsfresturinn er liðinn.

F.h. Burðaráss hf.



Friðrik Jóhannsson, forstjóri

## Almennar upplýsingar um tilboðið

Tilboð þetta og tilboðsýfirlit er sett fram til samræmis við VI. og VII. kafla laga nr. 33/2003, um verðbréfiðskipti. Samkvæmt 32. grein laganna er meðal annars kveðið á um að aðilum sem eignast 40% atkvæðisréttar í hlutafélagi, sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði, er skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Þann 9. nóvember 2004 átti Burðarás hf. 76,77% af heildarhlutafé í Kaldbaki hf. og gerir því hluthöfum í Kaldbaki hf. tilboð í hluti þeirra.

### Tilboðsgjafi

Burðarás hf., kt. 510169-1829, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, er tilboðsgjafi. Hlutabréf félagsins eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og auðkenni þeirra er BURD.

### Félag og hlutir sem tilboðið tekur til

Kaldbakur hf., kt. 670169-3679, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri. Hlutabréf félagsins eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og auðkenni þeirra er KALD. Tilboð þetta tekur til allra hluta í Kaldbaki hf. sem ekki eru fyrir í eigu Burðarás hf.

### Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, hefur umsjón með tilboði þessu fyrir hönd Burðarás hf.

### Eign tilboðsgjafa

Heildarhlutafé Kaldbaks hf. er 1.754.429.649 kr. að nafnverði. Eignarhlutur Burðarás hf. var 76,77% þann 9. nóvember 2004. Kaldbakur hf. á eigin bréf að nafnverði 359.882 kr. Þannig að virkur hlutur Burðarás hf. í Kaldbaki hf. er 76,79%.

### Tilboðsverð og greiðsluskilmálar

Tilboðsverðið er 0,637841438 hlutir í Burðarási hf. fyrir hvern einn hlut í Kaldbaki hf. Verðið er það hæsta sem Burðarás hf. hefur greitt fyrir hluti í Kaldbaki hf. síðastliðna sex mánuði. Burðarás hf. mun gefa út nýja hluti í félaginu til að greiða fyrir hlutina í Kaldbaki hf.

### Gildistími tilboðsins

Tilboð þetta gildir frá klukkan 9:00 mánudaginn 15. nóvember 2004 til klukkan 16:00 mánudaginn 13. desember 2004. Samþykki tilboðsins verður að hafa borist fyrir þann tíma, á meðfylgjandi eyðublaði, til Landsbanka Íslands hf., Fyrirtækjaráðgjöf, b.t. Berglindar Hilmarsdóttur, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík.

Stefnt er að samruna Burðarás hf. og Kaldbaks hf. Hluthöfum er bent á að ef hluthafafundur Kaldbaks hf., sem haldinn verður 18. nóvember 2004 samþykkir samruna við Burðarás hf. mun yfirtökutilboð þetta falla niður og allir hluthafar Kaldbaks hf. munu fá hluti í Burðarási hf. í krafti samþykktar hluthafafundarins. *Hluthafar eru því hvattir til að bíða með að svara tilboði þessu fram yfir hluthafafund í Kaldbaki hf. Verði samruni Burðarás hf. og Kaldbaks hf. samþykktur á hluthafafundinum er ekki nauðsynlegt að hluthafar sendi inn samþykki fyrir tilboðinu.*

### Afhending hlutabréfa í Burðarási hf.

Verði samruna Burðarás hf. og Kaldbaks hf. hafnað á hluthafafundi Kaldbaks hf. þann 18. nóvember 2004 þá mun afhending hlutabréfa í Burðarási hf. fara fram til þeirra hluthafa sem samþykkja yfirtökutilboð þetta eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að tilboðsfresturinn er liðinn.

Frá þeim tíma, sem hlutabréfaskiptin hafa verið framkvæmd í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. hafa hluthafar, sem réttilega hafa afhent hluti sína í Kaldbaki hf., atkvæðisrétt í Burðarási hf. og fulla ráðstöfunarheimild yfir hlutum sínum í Burðarási hf. Hlutabréfaskiptin eru hluthöfum að kostnaðarlausu. Réttindi yfir hlutabréfum í Burðarási hf. verða skráð á VS-reikning viðkomandi hluthafa.

### Rafræn skráning hlutabréfa og skipti á hlutabréfum

Hlutabréf beggja félaga, Burðarás hf. og Kaldbaks hf. eru rafrænt skráð í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. ISIN númer hlutabréfa Burðarás hf. er IS0000000214 og ISIN númer hlutabréfa Kaldbaks hf. er IS0000007391.

### Hlutabréf Burðarás hf.

Nafnverð hlutafjár í Burðarási hf. er 5.299.120.017 krónur. Stjórn félagsins hefur samkvæmt 4. gr. samþykkt þess heimild til að hækka hlutafé um allt að 718.238.525 krónur að nafnverði, þannig:

a) Aukning hlutafjár allt að 300.000.000 krónur að nafnverði með sölu nýrra hluta til hluthafa eða annarra, fáið ekki áskrift fyrir allri aukningunni hjá hluthöfum. Heimildin gildir til 14. mars 2007. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi bréfanna og sölureglur hverju sinni. Skal stjórnin ákveða nafnverð hinna nýju hluta og gengi þeirra, fresti til

áskriftar og greiðslu þeirra og skal áskrift í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykktar félagsins og V. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995.

b) Aukning hlutafjár um allt að 150 milljónir króna með sölu nýrra hluta í tengslum við kaupréttarsamninga sem stjórnin kann að gera við starfsmenn félagsins. Heimildin gildir til 14. mars 2007. Réttur hluthafa til forgangs að hlutafjárukningunni samkvæmt hlutafélagalögum og samþykktum skal ekki eiga við samanber heimild í 34. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

c) Aukning hlutafjár um allt að 8.310.611 krónur að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Stjórn félagsins skal heimilt að nýta hlutina í tengslum við kaupsamninga sem félagið kann að hafa gert eða selja á markaði. Hluthafar eiga ekki forgangsrétt til aukningarinnar. Heimildin gildir til 5. nóvember 2007.

d) Aukning hlutafjár um allt að 259.927.914 krónur að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Stjórn skal m.a. heimilt að nýta þá hluti í tengslum við kaupsamninga sem félagið kann að hafa gert eða selja á markaði. Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Hækkunarheimildina getur stjórnin nýtt innan fimm ára frá samþykkt hennar í einu lagi eða áföngum.

Eigin bréf Burðarás hf. voru 225.248.261 kr. að nafnverði þann 9. nóvember 2004. Hlutabréf félagsins eru öll jafnréttá og eru öll í einum flokki. Engar hömlur eru á meðferð hluta í félaginu.

Yfirlit yfir nokkrar lykiltölur Burðarás hf.	30.9.2004	2003	2002	2001
Heildarhagnaður (m.kr.)	11.731	2.204	4.456	(3.243)
Eiginfjárhlutfall	60%	36%	43%	31%
Hagnaður á hverja kr. nafnverðs	2,79	0,55	1,17	(0,29)
Arður	-	15%	9%	5%

### Framtíðarsýn

Tilgangur Burðarás hf. er auk flutningastarfsemi, að auka verðmæti eignarhluta hluthafa félagsins með fjárfestingum í fyrirtækjum hér á landi og erlendis. Áhersla er lögð á verkefni þar sem Burðarás hf. er leiðandi fjárfestir og tekur stjórnunarlega ábyrgð. Burðarás hf. fjárfestir bæði í hlutabréfum skráðra og óskráðra fyrirtækja í ákveðnum atvinnugreinum. Jafnframt fjárfestir félagið til lengri og skemmri tíma til að náta tækifæri á verðbréfamarkaði.

Markmið Burðarás hf. er að ná góðri ávöxtun eigin fjár, en tryggja jafnframt áhættudreifingu og stöðugleika í rekstri. Félagið stefnir að því að vera í fremstu röð fyrirtækja í fjárfestingarstarfsemi á Íslandi. Markmið Burðarás hf. eru að arðsemi eigin fjár verði að jafnaði 15% á ári og að eiginfjárhlutfall, sem miðast við áætlað markaðsvirði eigna félagsins, liggi á bilinu 35-45% og mun það ráðast af seljanleika og áhættu eignasafnsins.

Stefnt er að því að sameina Burðarás hf. og Kaldbak hf. undir nafni Burðarás hf. og munu samþykktir Burðarás hf. gilda um hið sameinaða félag. Myndað verður öflugt félag með aukna getu til þátttöku í stærri verkefnum á innlendum og erlendum vettvangi. Samanlagt bókfært eigið félaganna er 43,2 ma.kr. miðað við árshlutauppgjörið félaganna frá 30. september 2004. Samanlagt markaðsvirði félaganna miðað við viðskipti í Kauphöll Íslands hf. í lok dags 9. nóvember 2004 er 81,6 ma.kr. Afkoma félaganna hefur verið góð það sem af er ári og var arðsemi eigin fjár Burðarás hf. 69% á ársgrundvelli á fyrri helmingi ársins 2004 og á sama tímabili nam arðsemi eigin fjár Kaldbaks hf. 49%.

### Tilboðshafar

Tilboðsýfirlit og eyðublað til samþykkis tilboðinu er hægt að nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík og á vefsíðu bankans, [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is).

### Innlausn hlutafjár

Samkvæmt 24. og 25. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, getur hluthafi, sem á meira en 9/10 hlutafjár í félagi, og stjórn viðkomandi félags, ákveðið að aðrir hluthafar sæti innlausn hluthafans á hlutum sínum í félaginu.

### Upplýsingarskylda

Hlutabréf í Burðarási hf. eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. Félagið sinnir viðvarandi upplýsingarskyldu, sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með birtingu tilkynninga í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. um öll þau atriði sem máli skipta og telja verður að áhrif geti haft á verð hluta í Burðarási hf.

---

**Nafn**


---

**Kennitala**


---

**Heimilisfang**


---

**Póstnúmer og sveitarfélag**

Ég, ofangreindur hluthafi í Kaldbaki hf., kt. 670169-3679, samþykki hér með tilboð Burðaráss hf., kt. 510169-1829, dags. 11. nóvember 2004, um að selja Burðarási hf. öll hlutabréf mín, að neðangreindu nafnverði, í Kaldbaki hf. á genginu 0,637841438 hlutir í Burðarási hf. fyrir hvern einn hlut í Kaldbaki hf. og í samræmi við þá skilmála sem fram koma í tilboðsýfirliti dags 11. nóvember 2004.

Stefnt er að samruna Burðaráss hf. og Kaldbaks hf. Hluthöfum er bent á að ef hluthafafundur Kaldbaks hf., sem haldinn verður 18. nóvember 2004 samþykkir samruna við Burðarás hf. mun yfirtökutilboð þetta falla niður og allir hluthafar Kaldbaks hf. munu fá hluti í Burðarási hf. í krafti samþykktar hluthafafundarins. **Hluthafar eru því hvattir til að biða með að svara tilboði þessu fram yfir hluthafafund í Kaldbaki hf. Verði samruni Burðaráss hf. og Kaldbaks hf. samþykktur á hluthafafundinum er ekki nauðsynlegt að hluthafar sendi inn samþykki fyrir tilboði þessu.**

Verði samruni hins vegar ekki samþykktur á hluthafafundi Kaldbaks hf. þá mun yfirtökutilboðið gilda til klukkan 16:00 mánudaginn 13. desember 2004. Greiðsla í formi hluta í Burðarási hf. fer fram til þeirra hluthafa sem samþykkja tilboðið eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að tilboðsfresturinn rennur út .

Kr. \_\_\_\_\_ x 0,637841438 = Kr. \_\_\_\_\_  
 Nafnverð hlutafjár í Kaldbaki hf. Nafnverð hlutafjár í Burðarási hf.

**Ég lýsi því yfir að ég hef kynnt mér og sætti mig að fullu við tilboð og tilboðsýfirlit Burðaráss hf. Jafnframt geri ég mér grein fyrir að samþykki mitt er bindandi.**

Ég veiti hér með Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, fulla heimild til að annast sölu á rafrænum hlutabréfum mínum í Kaldbaki hf. í samræmi við samþykki mitt á tilboði Burðaráss hf. Hlutir þeir sem ég fæ í Burðarási hf. í samræmi við samþykki mitt skulu vistaðir á sama VS-reikningi og hlutir mínir í Kaldbaki hf. **Reikningurinn er hjá þeirri reikningsstofnun sem ég merki við hér að neðan;**

___ Landsbanki Íslands hf.	___ Verðbréfastofan hf.	___ MP Fjárfestingarbanki hf.
___ Íslandsbanki hf.	___ SPRON	___ Sparisjóður Hafnarfjarðar
___ KB banki hf.	___ Íslensk verðbréf hf.	
___ Önnur reikningsstofnun: _____		

Skipti á hlutabréfunum geta ekki farið fram nema hlutabréfin í Kaldbaki hf. séu veðbanda- og kvaðalaus. Landsbanki Íslands hf. áskilur sér rétt til að kanna hvort skiptin geti farið fram í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Undirritaður óskar hér með eftir því að stofnaður verði VS-reikningur hjá Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, hafi hann ekki þegar stofnað slíkan reikning hjá Landsbanka Íslands hf., vegna verðbréfa/rafréfa sem skráð eru rafrænt hjá verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Umsækjanda er kunnugt um að Landsbanka Íslands hf. er skylt að hlíta þeim lögum og reglum sem um VS-reikninga og rafréf gilda hverju sinni. Stofni Landsbanki Íslands hf. VS-reikning fyrir viðkomandi mun reikningurinn einungis vera notaður til að framkvæma ofangreind viðskipti. Seljendur bera engan kostnað vegna stofnunar VS-reiknings hjá Landsbanka Íslands hf.

Vegna tilkynninga um eignarskráningar á VS-reikningi óskar umsækjandi eftir að honum verði ekki sendar tilkynningar, heldur einungis reikningsýfirlit.

Umsækjandi fer þess hér með á leit við Landsbanka Íslands hf. að bankinn sækji inn á VS-reikning umsækjanda bréf í Kaldbaki hf. til verðbréfamiðstöðvar og veitir umsækjandi Landsbanka Íslands hf. fullt og ótakmarkað umboð til þessa.

\_\_\_\_\_/\_\_\_\_\_/2004 \_\_\_\_\_  
 Dagsetning Undirritun Sími

**Samþykki tilboðsins verður að hafa borist undirritað fyrir kl. 16:00 þann 13. desember 2004 á eyðublaði þessu til Landsbanka Íslands hf., Fyrirtækjaráðgjöf, b.t. Berglindar Hilmarsdóttur, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík.**

